

## Verkáætlun um sjálfsmat í Kvennaskólanum í Reykjavík árin 2009-2011

Í samræmi við 6. grein framlengds skólasamnings fyrir árið 2009 leggur Kvennaskólinn í Reykjavík fram þessa verkáætlun um sjálfsmat til næstu þriggja ára. Sjálfsmati í Kvennaskólanum er ætlað að leiða í ljós styrkleika og veikleika skólustarfsins og vera grundvöllur umbótastarfs. Sjálfsmatinu er ætlað að ná til allra helstu þátta skólustarfsins svo sem framkvæmdar þess og árangurs, kennslu, stjórnunarháttanna og samskipta innan skólans.

Þessi verkáætlun var endurskoðuð í október 2009.

### Þróun sjálfsmats

Á tímabilinu verður lögð áhersla á endurskoðun á námsframboði skólans vegna innleiðingar nýrra laga um framhaldsskóla og endurbætur á þeim matsaðferðum sem hafa verið notaðar síðastliðin ár ásamt þróun nýrra aðferða til að auka breiddina í matinu.

Verkefni matshóps í þessu samhengi eru:

1. að fara yfir spurningar í kennslumati nemenda og breyta þeim eftir því sem þörf þykir.
2. að vinna að þróun matslíkans fyrir kennara til að meta eigið starf.
3. að þróa matslíkan til að nota við mat stjórnenda á kennslu.
4. að skoða matslíkön til mats á stjórnunarháttum.
5. að skoða líðan og árangur nemenda í tengslum við upptöku nýrrar námsskipanar.

Hingað til hefur mat á kennslu einungis falist í mati nemenda á kennslu kennarans. Vilji er fyrir því að útvíkka þetta mat til að fá fram fleiri sjónarmið og eru liðir 1-3 hér að ofan settir fram í því skyni. Með því að skoða kennsluna frá þremur sjónarhornum, sjónarhorni nemandans, skólastjórnandans og kennarans sjálfs hlýtur matið að gefa mun skýrari mynd en þá sem einungis nemendamatið gefur.

### Matsaðferðir

Þær matsaðferðir sem notaðar verða á tímabilinu eru:

- kennslukönnun sem er meginleg netkönnun meðal nemenda sem fjallar um kennslu, undirbúning og framsetningu kennara á kennsluefni, viðmót kennara o.fl.
- viðhorfskönnun sem er meginleg netkönnun meðal nemenda og starfsfólks sem fjallar um ýmsa þætti í starfsemi skólans, aðbúnað o.fl.
- matslíkan fyrir kennara til að meta eigið starf.
- matslíkan fyrir stjórnendur til að meta kennslu kennara.
- könnun á starfsumhverfi og stjórnunarháttum sem er meginleg netkönnun meðal starfsfólks.
- greining á tölulegum gögnum úr Innu varðandi innritun, útskrift, skólasókn o.fl.
- starfsmannaviðtöl.
- rýnihópar um ýmis málefni.
- aðrar þær aðferðir sem endurskoðunarvinna matshóps kann að leiða í ljós.

## **Tímaáætlun sjálfsmats**

Við sjálfsmatið verður fylgt eftirfarandi tímaáætlun:

### **Vorönn 2009**

Ný matsáætlun til næstu þriggja ára unnin.

### **Mars 2009**

Rýnihópar útskrifaðra nemenda meta nám skólans.

### **Apríl – maí 2009**

Starfsmannaviðtöl við aðra starfsmenn og nýja kennara.

### **Maí – júní 2009**

Greining tölfraðilegra upplýsinga úr upplýsingakerfi skólans.

### **Júní – september 2009**

Greining gagna vegna innritunar, umsóknartölur, upplýsingar um umsækjendur

### **Nóvember 2009 – janúar 2010**

Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2008-2009 fullgerð og vistuð á heimasíðu skólans.

### **Janúar – febrúar 2010**

- Matshópur endurskoðar spurningar í kennslukönnun ætlaðri nemendum og lagfærir þær sem þurfa þykir. Sérstaklega þarf að skoða spurningar fyrir nemendur í nýju kerfi.
- Skoðuð verða matslíkön til mats á starfsumhverfi og stjórnunarháttum.

### **Febrúar - mars 2010**

- Könnun á kennslu lögð fyrir nemendur.

### **Mars-apríl 2010**

Starfsmannaviðtöl við kennara og nýja starfsmenn

### **Apríl – maí 2010**

Könnun meðal starfsfólks til mats á starfsumhverfi og stjórnunarháttum.

### **Maí – júní 2010**

- Greining tölfraðilegra upplýsinga úr upplýsingakerfi skólans.

### **Júní – september 2010**

Greining gagna vegna innritunar, umsóknartölur, upplýsingar um umsækjendur.

### **Haustönn 2010**

Hópar myndaðir til að þróa matslíkön

- fyrir kennara til að meta eigið starf
- fyrir stjórnendur til að meta kennslu.

**Október 2010**

Viðhorfskönnun lögð fyrir nemendur og kennara.

**Október 2010**

Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2009-2010 fullgerð og vistuð á heimasíðu skólans.

**Febrúar – mars 2011** Starfsmannaviðtöl – einkum við nýja starfsmenn og þá sem eru að vinna að sérstökum þróunarverkefnum.

**Mars 2011**

Könnun á kennslu lögð fyrir nemendur.

**Mái – júní 2011**

Greining tölfræðilegra upplýsinga úr upplýsingakerfi skólans.

**Júní – september 2011**

Greining gagna vegna innritunar, umsóknartölur, upplýsingar um umsækjendur, gögn frá Námsmatsstofnun o.þ.h.

**Október 2011**

Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2010-2011 fullgerð og vistuð á heimasíðu skólans.

**September - október 2011**

Gengið frá nýrri matsáætlun.

**Skýrslur**

Eins og fram kemur í tímaáætlun er gert ráð fyrir því að sjálfsmatsskýrsla skólans verði fullgerð að hausti ár hvert. Í henni verða dregnir fram helstu styrkleikar og veikleikar í skólastarfinu og settar fram tillögur til umbóta þar sem þeirra er þörf. Skýrslan verður gerð aðgengileg á heimasíðu skólans.

Kvennaskólanum í Reykjavík 26. október 2009

---

Ingibjörg Guðmundsdóttir  
skólameistari

---

Oddný Hafberg  
aðstoðarskólameistari